


Desember í Stóru-Vogaskóla

- ❖ **6. desember** Jólalæma. Jólafatadagur, t.d. jólaþeysa, jólasveinahúfa, jólasokkar o.fl.
- ❖ **11. desember** Jólasöngsamvera kl. 9.
- ❖ **12. desember** **Jólatónleikar** tónlistarskólans kl. 17:00 í Tjarnarsal.
- ❖ **13. desember** Jólasöngsamvera kl. 9. „Fancy Friday“, nemendur og starfsmenn mæta spariklædd.
- ❖ **18. desember** Jólasöngsamvera kl. 9. Jólafatadagur, t.d. jólaþeysa, jólasveinahúfa, jólasokkar o.fl.
- ❖ **20. desember** **LITLU JÓLIN** – sjá neðar

JÓLATÓNLEIKAR TÓNLISTARSKÓLANS

Jólatónleikar Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga verða fimmtudaginn 12. desember kl. 17:00 í Tjarnarsal. Foreldrar og aðrir gestir velkomnir.



LITLU JÓLIN



Skemmtunin hefst með stofujólum kl. 10:00 þar sem hver nemandi mætir til umsjónarkennara í heimastofu. Börnin mega koma með kerti að heiman og stöðugan kertastjaka. Stofujólin hefjast með því að kveikt er á kertum og eiga nemendur og umsjónarkennari notalega stund saman. Nemendur mega koma með gos/djús og kökur eða sælgæti. Að lokum er pökkum dreift.

Börnin koma með pakka og innihaldið má ekki kosta meira en 1000 kr. Gætið þess að gjöfin geti verið fyrir alla.

Jólaball hefst svo fyrir alla nemendur kl. 11:00, jólasveinar kíkja í heimsókn og fá nemendur jólaglaðning.

Litlu jólnum lýkur kl. 11:30 og þar með hefst jólafrí í Stóru-Vogaskóla og Frístund.

Skólinn hefst aftur að loknu jólafrí föstudaginn 3. janúar 2025 á skertum skóladegi. Nemendur mæta kl. 9:40 samkvæmt stundaskrá og fara heim eftir hádegismat. Frístund er opin til kl. 16.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og þakkir fyrir samstarfið á árinu.
Starfsfólk Stóru-Vogaskóla